

Ráðstefnustjórar og ráðstefnugestir! Kveiktu á kertí fremur en að kvarta yfir myrkrinu!!!!!!!!!!

Þetta er gamalt kínverskt spakmæli sem ég held mikið upp á og reyni að láta lýsa mér veginn. Mér finnst það lýsa afstöðu til lífsins sem vert er að hugleiða í ljósi þeirra verkefna sem við stöndum öll frammi fyrir núna og í nánustu framtíð. Það er mikilvægt að hafa það í huga, þegar gengið er til starfa að það sem ræður örlögum okkar er ekki hvað okkur býðst, heldur hvað við veljum. Þetta viðhorf endurspeglar spakmælið. Við verðum því að mínu mati að taka ríkjandi viðmið og gildi og endurskoða þau í ljósi aðstæðna. Við þurfum að hugsa í nýjum lausnum og finna nýjar leiðir því við höfum ekki bjargir til að feta þá leið áfram sem farin hefur verið hingað til í menntakerfinu, að lappa upp á staðnað og úrelt skipulag grunnskóla, sem hefur alltof lengi tekið mið af uppruna sínum. Á ég þá við það kirkjulega skipulag sem einkennist af predikaranum og hjörðinni sem á að hlusta, meðtaka og melta. En erum við tilbúin til þess? Já það er mjög margt sem bendir til þess og horfi ég þá sérstaklega til þeirra samstöðu sem var um breytingar á skólalögnum, en með þeim eru lögfest viðhorf sem hafa verið að gerjast og þróast undanfarin ár um nauðsyn þess að bjóða öllum börnum upp á sveigjanlegt skólastarf þar sem horft er til menntunar allra barna m.t.t. getu, þroska og áhuga hvers og eins. Þetta er að sjálfsögðu risastórt verkefni sem ekki er til einföld lausn á en leitin stendur yfir og það er mikilvægt að átta sig á því að leyndardómur þess að sigra byggist á tvennu – að hætta aldrei og vera staðfastur í trúnni á að leiðin finnist. Þá verða kennarar og skólastjórnendur einnig að vera tilbúin til að prófa nýjar leiðir, reka sig á, læra af mistökum og leiðréttu kúrsinn jafnóðum. Til þess að skapa jarðveg fyrir slík viðhorf þurfa foreldrar og stjórnálamenn að vera virkir þátttakendur í umræðum, þælingum og leit. Gefa svigrúmið – skapa aðstæður.

Það hefur verið þó nokkur umræða um árangur í skólakerfinu okkar undanfarin ár, sérstaklega í ljósi frammsitöðu íslenskra nemenda á PISA prófunum. Þar hefur frammistaðan ekki þótt endurspeglar það fjármagn sem er t.d. sett í skólakerfið og þykir mikið á samanburðarmælikvarð-anum. Þetta sýnir okkur það sem við vitum öll að árangur fæst ekki með auknum fjármunum einum saman, það verður ýmislegt annað að fylgja með og þar skipa viðhorf til starfs verulega háan sess. Það hefur nefnilega ekki farið eins hátt að árangur íslenska skólakerfisins er mjög góður á alþjóðlega mælikvarða þegar kemur að því að meta líðan nemenda í skólanum. Þar er íslenska skólakerfið með þeim allra hæstu. Þetta kemur fram í alþjóðlegu rannsókninni á heilsu og líf skjörum skólanema á Vesturlöndum HBSC en niðurstöður hennar voru kynntar vorið 2008. Fleiri rannsóknir og úttektir sýna þó að skólakerfið þarf að taka sig á þar sem vísbendingar eru um að árangri t.d. í lestri fari hrakandi samanber nýlega úttekt mennta- og menningarmála-ráðuneytisins og niðurstöður PIRLS prófanna í 4.-5. bekk. Þetta er veruleiki sem við okkur blasir eftir og á uppgangstíma þar sem mönnun skólanna óx mikið og kostnaður einnig. Að framansögðu er ljóst að við höfum náð góðum árangri á vissum sviðum en vildum ná betri árangri á öðrum. Erum við þá að missa af tækifærum til að bæta árangurinn nú þegar hallar undan fæti með fjármögnun kerfisins? Til þess að svara spurningunni verðum við að horfa til vísbendinga sem liggja nú fyrir t.d. í niðurstöðum TALIS rannsóknarinnar sem

framkvæmd var á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) á síðasta ári. Þetta er könnun á viðhorfum og skoðunum kennara og skólastjórnenda. Þar kemur m.a. fram að samband við nemendur og viðbrögð nemenda og foreldra við kennslu ásamt samskiptum innan skóla skipta meira máli en einkunnir og árangur nemenda á prófum. Ef þetta er rétt er ekki skrítið að íslenskir skólar komi miklu betur út á alþjóðlegum mælikvarða þegar líðan nemenda er rannsökuð en þegar árangur þeirra á prófum er metinn.

Tækifærin liggja þá í breyttum áherlsum að einhverju leyti og breyttum viðhorfum til starfsins.

Ég tel að þessi tækifæri séu til staðar hjá kennurum og í skólum á Íslandi og byggja þá skoðun mína á niðurstöðum TALIS rannsóknarinnar m.a. Þetta er könnun á viðhorfum og skoðunum en endurspeglar ekki endilega það sem gerist í skólastofnunni eins og kemur í ljós ef þessar niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður Hafsteins Karlssonar þar sem hann bar saman starfshættir nokkurra kennara í íslenskum og finnskum skólum. Nýlega voru fyrstu niðurstöður rannsóknarinnar birtar og þar á meðal þær íslensku. Þar kemur meðal annars fram:

- að starfsánægja kennara er góð hér á landi.
- að tiltrú kennara á eigin getu er með besta móti á Íslandi í samanburði við önnur þáttökulönd TALIS og mótast af gæðum samskipta þeirra við nemendur, tiltrú þeirra á ákveðinni kennslufræði, góðu skipulagi í kennslustundum, ástundun nýbreytni í kennsluháttum og faglegrar samvinnu, ásamt trú á því að nemendahópur þeirra sé yfir meðallagi.

Það skiptir því máli að skólastjórnendur stuðli að því að skapa styðjandi og skapandi skólastarf og sýni virkan áhuga á kennslu kennara sinna sem nýlegar rannsóknir sýna að þeir mættu vera duglegri við, en það kemur m.a. fram í Talis að skólastjórar setja skólum og kennurum markmið en hafa almennt lítil afskipti af kennslu á “gólfinu”.

Ef marka má þessar niðurstöður er ákveðinn jarðvegur til staðar til að takst á við fyrirbyggjandi verkefni sem mörg hver eru erfið úrlausnar og krefjast skapandi og óvenjulegrar hugsunar. Fólk sem hefur ánægju af starfi sínu og trú á eigin getu er líklegri til að geta tekist á við slík verkefni en þeir sem ekki hafa slíka trú á eigin getu og líður illa í starfi. Við þurfum því að sameinast um að efla enn frekar fagvitund kennara og styrkja þá í að gera viðhorfin og hugsjónina að veruleika í starfi. Grunn þeirra vinnu tel ég liggja í þeirri sameiginlegu vinnu Félags grunnskólakennara, Félags skólastjórnenda og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem birtist í sameiginlegri framtíðarsýn þeirra fyrir skólastarfið til ársins 2020. Stjórnir allra þessara aðila hafa samþykkt þessa framtíðarsýn og nú nýverið samþykkti Menntamálaráðuneytið að leggja verkefninu lið með því að taka þátt í kostnaði við að ráða verkefnisstjóra til að halda utan um framkvæmd verkefnisins sem er gríðarlega umfangsmikið. Í þessari framtíðarsýn er komið inn á fjölmarga þætti í skólastarfinu sem ekki verða nema orðin tóm ef ekki á sér stað umræða um þá í hverjum

skóla og hverju sveitarfélagi. Vinnan við að hrinda þessari framtíðarsýn í framkvæmd er að mínu viti mikilvægur liður í því að efla faglegt skólastarf, efla fagvitund kennara og stjórnenda og um leið efla virðingu samfélagsins fyrir starfi kennara og skóla. Það eru sameiginlegir hagsmunir allra í samfélaginu að skólastarfið sé gott, heilbrigt og árangursríkt. Samvinnan og sameiginlega sýnin er afar mikilvæg ef árangur á að nást og langar mig til að segja ykkur stutta dæmisögu til að styrkja þessa skoðun mína. Dæmisagan er bréf sem Jón Björnsson þáverandi félagsmálastjóri á Akureyri sendi kollega sínum í stjórnkerfi bæjarins fyrir allmörgum árum:

„Ég hef séð myndir af fjölbýlishúsaröð austan úr Moskvu. Þar er sérhæfing mikil og margir skipuleggjendur lögð hönd á plóginn við að teikna og útbúa húsin. Ein stofa teiknaði og skipulagði svalir, svalahandrið og þess háttar. Önnur stofa teiknaði hurðir, karma og þess háttar. Nú lukkaði svo til að þessar stofur töluðust ekki nógu mikið við, svo svalir og handrið lentu á vesturvegg, þar sem voru engar dyr, en svaladyr lentu á suðurvegg þar sem hvorki voru svalir né handrið. Þetta var dálítið hrapalegt, einkum fyrir íbúana, en óneitanlega hafði húsið svalir og svaladyr.

Mig rámaði í þessa mynd um daginn þegar ég gekk meðfram girðingu utanum leikvöll Lundarsels. Það er ljómandi þekkileg girðing, þéttriðin og barnheld svo langt sem hún nær, en það er nú handleggurinn að hún nær svo skammt – niður á við. Hún hangir þarna milli himins og jarðar en að austanverðu sýnist mér að hún sé 30 – 40 cm ofan við hið síðarnefnda, svo barnungunum er ekkert hægara heldur en smeygja sér undir hana og halda af stað út í heiminn. Þetta er þeim mun bagalegra sem girðingin er í hvarfi frá aðalleikskvæðinu. Húsameistarembættið hefur upplýst mig um að girðinginn sé alveg á réttum stað og í réttri hæð, það sé yfirborð jarðar, sem sé rangstætt og það sé þitt embætti, sem skuli færa jörðina nær girðingunni en ekki öfugt. Eitt meginmarkmiðið með þessari girðingu er og var að halda utanað börnunum. Hún gerir það ekki, einkum ekki að austanverðu og okkur, mér og starfsfólkinu finnst, að við séum nú ósköp áþekkt sett og Moskvuíbúarnir í fjölbýlishúsunum. Þetta getur svo sem verið nógu sniðugt að hugsa um, þangað ti barn sem er á leikvellinum á okkar ábyrgð fer undir girðinguna og sér að einhverjum voða, en eftir því viljum við ekki bíða. Ég fer eindregið fram á það, að þarna verði tafarlaust gerð bragarbót á.“

Til þess að skólakerfið verði ekki eins og húsin í Moskvu er nauðsynlegt að efla samráðið og samvinnuna milli allra þeirra sem að uppbyggingu og rekstri þess koma. Við þurfum á því að halda að kveikja á sameiginlegu kerti sem getur vísað okkur veginn að lausnum á þessum tímum erfiðleika, sem koma börnunum vel. Það er því afar mikilvægt að skoða alla fleti skólastarfsins, auka þar sveigjanleika og möguleika til breytinga. Sveigjanleikinn er ekki ýkja mikill þegar á reynir og það gerist alltof oft að þegar óskað er eftir breytingum til að auka hann rekist menn á vegg hagsmuna. Það er ljóst að kjarasamningar taka mið af öðrum veruleika en nú er og verður forysta kennara að vera opnari og jákvæðari til viðræðna um að auka sveigjanleika hvað varðar

ýmsa þætti þeirra. Það ætti að koma öllum til góða þegar upp er staðið ef unnið er af sanngirni og traust haft að leiðarljósi. Það sama á við nýju skólalögin sem binda starf skólanna á margan hátt í fastan ramma þrátt fyrir að horft hafi verið til þess við samningu þeirra að auka á seigjanleika í skólastarfinu á ýmsan hátt. Það er nefnilega þannig að það búa ekki allir Íslendingar við sama veruleika. Það fer mikið eftir því hvar þeir búa. Sveitafélögin eru misvel sett. Þarfir íbúanna og veruleiki er ekki sá sami í öllum sveitarfélögum, jafnvel ekki innan sama sveitarfélags. Sem dæmi um það má nefna að þarfir og veruleiki íbúa á Akureyri er ekki sá sami og íbúanna í Grímsey sem er þó í sama sveitarfélagi. Það er því fráleitt að ætla að steypa allt í sama mót. Því er sveigjanleikinn nauðsynlegur. Þetta verða forsvarsmenn kennarafélaganna og ríkis að skilja og því ætti það að vera eftirsóknarvert að gefa sveitarfélögum tímabundið aukið svigrúm til að leita eigin lausna á þeim verkefnum sem þau standa nú frammi fyrir. Við verðum að muna að sveitarfélögin eru íbúarnir sjálfir sem þar búa og meðal þeirra eru starfsmenn skólanna sem eru tilbúnir til að fara óhefðbundnar leiðir til að finna lausnir. Þær lausnir eru bara ekki samþykktar af forystunni og kemur þá til árekstra sem eru í raun óþarfir ef aðilar eru tilbúnir til að viðurkenna að sums staðar sé skynsamlegt að fara ótroðnar slóðir. Það kallar á áræðni að skilja að ekki verður sama slóðin troðin allsstaðar.

Það sem ég vildi því sagt hafa er:

Allir þeir sem að skólanum koma þurfa að setjast niður og koma sér saman um þau gildi sem á að halda í heiðri í skólastarfinu – auka þarf sveigjanleika mt.t. kjarasamninga og laga. Grunnurinn að samstarfinu er til í sameiginlegri sýn sveitarfélaganna, félags grunnskólakennara og skólastjórafélagsins. Það þarf að leggja hagsmunagæsluna til hliðar. Skólarnir eru til fyrir börnin og framtíðina. Við berum sameiginlega ábyrgð á því að skólakerfið sé árangursríkt.

Aðstæður eru til staðar til að gera vel. Við búum mjög vel hvað varðar mönnun, fagmenntun, viðhorf, stuðning og efnislega umgjörð og það þrátt fyrir ástandið. Það er því í okkar valdi að nýta tækifærin og það gerum við ekki nema sameina kraftana og ef við viljum syngja saman finnum við okkur lag.

Ég vil því enda þessa tölu mína á eftirfarandi orðum Joels Barkers úr Star Thrower:

Hugsjón án aðgerða er draumur einn, aðgerð án hugsjóna líður hjá, hugsjón samfara aðgerð getur breytt heiminum.

Látum verkin tala!!